

Skjal með lykilupplýsingum

Tilgangur: Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Janus Henderson Horizon Pan European Smaller Companies Fund A2 EUR ISIN: LU0046217351

Undirsjóður Janus Henderson Horizon Fund, hlutafélags með breytilegt hlutfé (SICAV) í Lúxemborg sem framleitt er af Janus Henderson Investors Europe S.A., dótturfyrirtæki Janus Henderson Group plc. Sjóðurinn er skráður í Lúxemborg og er undir eftirliti fjármálaeftirlitsins þar (Commission de Surveillance du Secteur Financier, CSSF). Sjóðsstjórinn er með starfsleyfi í Lúxemborg og lýtur eftirliti CSSF og er með réttindi til að veita þjónustu yfir landamæri samkvæmt UCITS-tilskipuninni til þess að stjórna sjóðnum yfir landamæri og til að markaðssetja sjóðinn innan Evrópusambandsins. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á www.janushenderson.com eða með því að hringja í +352 26 19 21 24. Þetta skjal er dagsett 1. janúar 2023.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Janus Henderson Horizon Pan European Smaller Companies Fund er undirsjóður Janus Henderson Horizon Fund, opins fjárfestingafélags sem stofnað er samkvæmt lögum Stórhertogadæmisins Lúxemborg. Janus Henderson Horizon Fund uppfyllir skilyrði sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS).

Líftími

Þessi fjárfesting hefur engan gjalddaga. Framleiðandinn hefur rétt til að segja vörunni upp í örfáum kringumstæðum eins og kemur fram í útboðslýsinguinni.

Markmið

Markmiðið er að ávaxta eignir sjóðsins til langs tíma titið. Árangursmarkmið: Að ná betri árangri en vísitalan MSCI Europe Small Cap Index, eftir að gjöld hafa verið dregin frá, á hvaða 5 ára tímabili sem er. Sjóðurinn fjárfestir minnst 75% eigna sinna í hlutabréfum og hlutabréfatengdum verðbréfum smærri fyrirtækja, í hvaða starfsgrein sem er, á EES-svæðinu eða á Bretlandi ef þau eru ekki á EES-svæðinu. Fyrirtæki skulu hafa skráða skrifstofu á EES-svæðinu eða á Bretlandi ef þau eru ekki á EES-svæðinu. Sjóðurinn kann einnig að fjárfesta í öðrum eignum, þar á meðal fyrirtækjum af hvaða stærð sem er, á hvaða svæði sem er, reiðufé og peningamarkaðsgerningum. Fjárfestingastjórinn kann að nota afleiður (flókna fjármálagerninga) til

að draga úr áhættu eða til hagræðingar í rekstri sjóðsins. Sjóðnum er stjórnað með virkum hætti með tilliti til vísitölunnar MSCI Europe Small Cap Index, sem er nokkurn veginn dæmigerð fyrir þau fyrirtæki sem hann kann að fjárfesta í, þar sem hún er grundvöllur árangursmarkmiðs sjóðsins og árangursgjöld kunna að vera innheimt ef farið er yfir hana (ef við á). Fjárfestingastjórinn hefur heimild til að velja fjárfestingar fyrir sjóðinn sem hafa annað vægi en í vísitölunni eða eru ekki hluti af vísitölunni, en stundum kann sjóðurinn að innihalda fjárfestingar sem eru svipaðar vísitölunni. Í þessum hlutdeildarflokki er tekjum af fjárfestingum sjóðsins safnað saman og haldið inni í verði hlutdeildarflokksins. Þú getur keypt, selt eða skipt hlutdeildarskírteinum í sjóðnum á hvaða viðskiptadegi sem er, eins og skilgreint er í útboðslýsingu fyrirtækisins. Vörsluaðili sjóðsins er BNP Paribas Securities Services, útibú í Lúxemborg.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Fjárfestar sem skilja áhættu sjóðsins, leitast eftir ávöxtun fjármagns með Evrópumíðaðri fjárfestingu, og hyggjast fjárfesta til minnst fimm ára. Sjóðnum er ætlað að vera aðeins einn þáttur af nokkrum í dreifðu fjárfestingasafni og er ekki ætlaður fyrir fjárfesta sem geta ekki samþykkt meira en lágmarkstap á fjárfestingu sinni.

Hver er áhættan og hver er mögulegur ávinningur?

Áhættuvísir

Minni áhætta 1 2 3 4 5 6 7 Meiri áhætta

Áhættuvísirinn gerir ráð fyrir að þú eigir vöruna í 5 ár.

Raunveruleg áhætta getur verið mjög breytileg ef þú færð greitt út snemma og þú gætir fengið minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðarvísir um hve mikil áhætta fylgir þessari vöru í samanburði við aðrar. Hann sýnir hve líklegt er að varan muni tapa fé vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við getum ekki greitt þér.

Afurð þessi mælist í áhættuvísi 5 af 7, þ.e.a.s. miðlungshár áhættuvísir.

Þetta metur mögulegt tap af framtíðarafkomu sem miðlungshátt og slæmar markaðsaðstæður munu líklega hafa áhrif á getu vörsluaðila til að greiða þér.

Ef gjaldmiðill vörunnar er annar en þinn gjaldmiðill á eftirfarandi við: Verið meðvituð um gjaldmiðlaáhættu. Þú færð greiðslur í öðrum gjaldmiðli, svo það sem þú færð að lokum veltur á skiptigengi gjaldmiðlanna tveggja. Þessi áhætta er ekki tekin til greina í vísinum sem sýndur er hér að ofan.

Þessi vara felur ekki í sér neinar varnir gegn markaðsafkomu í framtíðinni svo þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni.

Ef við getum ekki greitt þér það sem þú átt inni gætirðu tapað allri fjárfestingunni.

Upplýsingar um alla viðeigandi áhættu er að finna í útboðslýsingu sjóðsins á www.janushenderson.com.

Árangurssviðsmyndir

Það sem þú færð út úr þessari vöru fer eftir markaðsafkomu í framtíðinni. Markaðspróun í framtíðinni er óviss og ekki er hægt að spá nákvæmlega fyrir um hana.

Óhagstæðu, miðlungs og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru skýringarmyndir sem nota verstu afkomu, meðaltalsafkomu og bestu afkomu vörunnar undanfarin 10 ár. Þróun á mörkuðum gæti verið allt önnur í framtíðinni.

Ráðlagður fjárfestingartími: 5 ár

Dæmi um fjárfestingu: 10.000.- EUR

Sviðsmyndir		Ef hætt er eftir 1 ár	Ef hætt er eftir 5 ár
Lágmark	Lágmarksávöxtun er ekki tryggð, þú getur tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni.		
Álagssviðmynd	Það sem þú gætir fengið greitt að frádregnum kostnaði Meðalávöxtun á hverju ári	1.010 EUR -89,89%	1.050 EUR -36,23%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið greitt að frádregnum kostnaði Meðalávöxtun á hverju ári	7.070 EUR -29,30%	6.740 EUR -7,60%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið greitt að frádregnum kostnaði Meðalávöxtun á hverju ári	10.570 EUR 5,73%	14.180 EUR 8,17%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið greitt að frádregnum kostnaði Meðalávöxtun á hverju ári	18.760 EUR 87,64%	22.510 EUR 17,62%

Taflan hér að ofan sýnir allan kostnað við vöruna sjálfa en innihalda mögulega ekki allan kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða söluaðila.

Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattstöðu þinnar, sem kann einnig að hafa áhrif á hve mikið þú færð til baka.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við mjög slæmar markaðsaðstæður.

Óhagstæða sviðsmyndin átti sér stað fyrir fjárfestingu milli ágúst 2021 og september 2022.

Hóflega sviðsmyndin átti sér stað fyrir fjárfestingu milli janúar 2015 og janúar 2020.

Hagstæða sviðsmyndin átti sér stað fyrir fjárfestingu milli október 2012 og október 2017.

Hvað gerist ef Janus Henderson Investors Europe S.A getur ekki greitt út?

Þú gætir orðið fyrir fjárhagslegu tapi ef framleiðandinn eða vörsluaðilinn, BNP Paribas Securities Services, útibú í Lúxemborg, getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Það eru engar bætur eða ábyrgðarkerfi til staðar sem gætu bætt allt tap eða einhvern hluta þess.

Hver er kostnaðurinn?

Einstaklingurinn sem ráðleggur þér um eða selur þér þessa vöru getur rukkað þig um annan kostnað. Ef svo er veitir sá aðili þér upplýsingar um þann kostnað og hvernig hann hefur áhrif á fjárfestinguna þína.

Kostnaður yfir tímabil

Töflurnar sýna þær upphæðir sem eru teknar úr fjárfestingu þinni til að mæta mismunandi kostnaði. Þessar upphæðir velta á því hversu mikið þú fjárfestir, hversu lengi þú heldur í vöruna og hversu vel vörunni gengur. Upphæðirnar sem eru sýndar hér eru skýringarmyndir sem byggjast á dæmi um fjárfestingarupphæð og mismunandi mögulegum fjárfestingatímabilum.

Við gerum ráð fyrir:

- Á fyrsta árinu myndir þú fá til baka þá upphæð sem þú fjárfestir fyrir (0% árlegur hagnaður). Fyrir önnur eignartímabil reiknum við með að varan standi sig eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni.

- Fjárfest er fyrir 10.000 EUR.

	Ef hætt er eftir 1 ár	Ef hætt er eftir 5 ár
Heildarkostnaður	720 EUR	2.573 EUR
Árleg kostnaðaráhrif (*)	7,2%	3,5% á hverju ári

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr hagnaði þínum á hverju ári yfir eignartímabilið. Til dæmis sýnir það að ef þú hættir á því eignartímabili sem mælt er með þá er áætlaður meðalhagnaður á ári 11,7% fyrir kostnað og 8,2% eftir kostnað.

Við kunnum að deila hluta kostnaðarinnar með einstaklingnum sem selur þér vöruna til mæta þeirri þjónustu sem hann veitir þér. Hann upplýsir þig um upphæðina.

Samsetning kostnaðar

Einskiptiskostnaður við skráningu eða innlausn		Ef hætt er eftir 1 ár
Skráningarkostnaður	5,00% er hámarksupphæðin sem þú greiðir þegar þú gerir þessa fjárfestingu og þú gætir borgað minna. Ef þú fjárfestir í gegnum þriðja aðila mun einstaklingurinn sem er að selja þér vöruna upplýsa þig um raungreiðsluna.	Allt að 500 EUR
Innlausnarkostnaður	Greiðsla sem nemur allt að 1,00% kann að eiga við ef sjóðsstjórinn grunar fjárfesti um óhófleg viðskipti (og sér í lagi með áskriftir sem haldið er í minna en 90 daga).	0 EUR
Viðvarandi kostnaður [innheimtur árlega]		
Umsýslugjöld og annar stjórnunar- eða rekstrarkostnaður	1,85% er áætlaður kostnaður við umsýslu, stjórnun og rekstur sjóðsins.	185 EUR
Viðskiptakostnaður	0,21% er áætlaður kostnaður sem til fellur þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir sjóðinn. Raunveruleg upphæð verður mismunandi eftir því hve mikið við kaupum og seljum.	21 EUR
Tilfallandi kostnaður við sérstakar aðstæður		
Árangurstengd þóknun	Þetta eru áhrif árangurstengdu þóknunarinnar. Við tökum 10% af allri ávöxtun fjárfestingarinnar þinnar sem, háð reglunni um hæstu stöðu, sjóðurinn nær umfram vísitöluna Europe Small Cap Index.	14 EUR

Hve lengi ætti ég að halda fjárfestingunni og get ég tekið út peninga fyrir?

Ráðlagður fjárfestingartími er 5 ár

Líta ætti á þennan sjóð sem fjárfestingu til meðallangs eða langs tíma. Það þýðir 5 ár eða meira. Áhætta sjóðsins getur verið breytileg ef þú færð greitt út snemma. Gjöld kunna að eiga við um innlausn áður en tíma sjóðsins er lokið. Sjá upplýsingar um viðeigandi gjöld í töflunni „Samsetning kostnaðar“. Þú getur selt hlutdeildarskírteini í sjóðnum á hvaða viðskiptadegi sem er, eins og skilgreint er í útboðslýsingu fyrirtækisins, með því að nota eina af aðferðunum sem lýst er í útboðslýsingunni.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Ef þú vilt leggja fram kvörtun geturðu gert það með tölvupósti eða pósti. Netfang: JHIESAComplaints@janushenderson.com. Póstfang: Janus Henderson Investors Europe S.A., Attn: Complaints handling officer, 2, rue de Bitbourg, L-1273 Luxembourg. Reglur um meðferð kvartana er að finna á vefsíðunni www.janushenderson.com.

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Til að nálgast útboðslýsingu eða árs- og árschlutaskýrslur sjóðsins, sem eru gefnar út og gerðar fjárfestum aðgengilegar lögum samkvæmt, eða sjá síðasta útgefna verðið á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum eða fá frekari upplýsingar um sjóðinn getur þú farið á www.janushenderson.com.

Skjölín eru ókeypis og fáanleg á ensku og tilteknum öðrum tungumálum. Einnig má hafa samband við skráða skrifstofu sjóðsins við 2 Rue de Bitbourg, L-1273 Lúxemborg eða næstu umboðsskrifstofu. Fyrri árangurssviðsmyndir og gögn um 10 ára tímabil fyrri afkomu er hægt að finna á vefsvæðinu okkar á www.janushenderson.com.